

Heilbrigðisráðherra,  
Svandís Svavarsdóttir,  
Skógarhlíð 6,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2019

**Efni: Umsögn Samtaka heilbrigðisfyrirtækja (SH) um frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu.**

Hér á eftir fara athugasemdir Samtaka heilbrigðisfyrirtækja við umrætt frumvarp sem sett hefur verið á samráðsgátt stjórnvalda:

1. Í frumvarpsdrögunum er lögð til grundvallar uppskipting á heilbrigðisþjónustu í fyrsta, annað og þriðja stig, með því augnamiði að framtíðarákvarðanir í skipulagi heilbrigðisþjónustu verði byggðar á grundvelli þessarar skiptingar. SH gjalda varhug við þessum áformum og telja að þau muni hamla eðlilegri þróun og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar til framtíðar. Rökstuðningi fyrir þessari skiptingu skortir alfarið í frumvarpsdrögin.
2. Heilbrigðisþjónusta er í grunninn þjónusta við sjúklinga og verður að miðast við þarfir þeirra á hverjum tíma. Frumvarpsdrögin hefta valfrelsi sjúklinga til þjónustuveitenda og aðkomu fagaðila að veitingu þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Ef af verður mun þessi breyting leiða af sér þunglamalegt, miðstýrt og opinbert kerfi þar sem fákeppni mun ráða ríkjum. Þetta mun hvorki verða sjúklingum né skattgreiðendum til hagsbóta.
3. Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir því sérfræðiþjónusta sjálfstætt starfandi lækna verði skilgreind sem annars stigs þjónusta. Hér er um mikla einföldun á umhverfi og þörfum heilbrigðisþjónustunnar og leiða má líkum að því að starfsemi sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækja verði

hornreka í því kerfi sem þarna er verið að boða. Þetta mun hvorki verða sjúklingum né skattgreiðendum til hagsbóta.

4. Það vekur athygli að frumvarpsdrögin gera ráð fyrir að kennsla heilbrigðisstétta verði nánast einvörðungu á LSH. Kennsla heilbrigðisstétta er á ábyrgð þeirra menntastofnanna sem hlut eiga að máli. Kennslu má fela hvaða aðila sem er sem uppfyllir fyrirfram gefnar forsendur. Mannauður er mesta verðmæti heilbrigðisþjónustunnar. Skortur á fagmenntuðu fólki er þegar til staðar á Íslandi og mun aukast ef framboð á kennslu og stöðum til menntunar verður ekki aukið frá því sem nú er. Frumvarpsdrögin stefna í þveröfuga átt.
5. SH telja afar brýnt að sett verði sjálfstæð, óháð og utanaðkomandi stjórn yfir rekstur stærstu heilbrigðisstofnunar landsins, þ.e. LSH. Stjórnsýsluleg staða LSH m.v. mikilvægi og umfang starfseminnar er með þeim hætti að óviðunandi er að hún hafi ekki yfir sér sjálfstæða stjórn sem marki stefnu og veiti aðhald.

Að öðru leyti taka Samtök heilbrigðisfyrirtækja heilshugar undir þau atriði sem koma fram í umsögn Læknafélags Íslands, dags. 9. október, og send hafa verið inn á samráðsgáttina.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka heilbrigðisfyrirtækja



Jón Gauti Jónsson, formaður